



## Fundargerð 3. fundar stjórnar AKÍS 2026-2027

**Staður og tími:** Zoom 21. apríl 2026 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Jón Þór Jónsson (JPJ), Ólafur Hallgrímsson (ÓH), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Linda Karlsdóttir (LK), Halldór Viðar Hauksson (HVH)

**Mættir varamenn:** Hrefna Björnsdóttir (HB), Hilmar Jacobsen (HJ)

**Fjarverandi:** Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

JPJ ritaði fundargerð

---

### Dagskrá

#### 1. Keppnisráð

Keppnishaldarar eru búnir að tilnefna sína einstaklinga í keppnisráð nema AÍH. Samkvæmt lögum AKÍS.

AKÍS sendir áskorun til AÍH um að tilnefna sína einstaklinga í keppnisráð.

Stjórn AKÍS sér ekki ástæðu til að þess að skipa í keppnisráð umfram þá sem nú þegar eru tilnefndir eins og staðan er núna og er málinu frestað.

#### 2. Skipun Öryggisráðs

JPJ upplýsir að 2 af þeim aðilum, Guðni Sigurðsson og Ari Halldór Hjaltason, sem nefndir voru á síðasta fundi séu tilbúnir að taka skipun í Öryggisráði og teljast þeir því skipaðir í Öryggisráð.

Reynt verði til hlítar að finna þriðja aðila fyrir næsta fund.

#### 3. Staðfesting stjórnar á keppnisgreinareglum í Sveitarally

Rallyráð hefur skilað til regluráðs nýjar keppnisgreinareglur fyrir Sveitarally. Regluráð hefur óskað eftir staðfestingu stjórnar á reglum. Búið er að birta á heimasíðu sambandsins.

<https://reglur.akis.is/Codes/Sveitarally/View>

Stjórn AKÍS staðfestir reglurnar.



#### 4. Erindi sem barst - Frá Hrefnu BA

Óskað eftir að skoðað verði í mótakerfinu hvort að breyta þurfi orðalagi við skráningu aðstoðarkeppnisstjóra/aðstoðarmanns keppnisstjóra.

Málið var rætt í þaula og í framhaldinu skoðað hvort breyta ætti orðalagi í stað aðstoðarkeppnisstjóri komi aðstoðarmaður eða, hafa það valkvætt að skrá aðstoðarkeppnisstjóra sem þyrfti þá að vera með réttindi.

Frestum umræðu þar til málið hefur verið skoðað betur.

#### 5. Skil á gögnum aðildarfélaga

Frestur til að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ rann út 15 apríl. Þegar þetta er skrifað eiga fjögur aðildarfélög eftir að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ en það eru Stimpill, Bílklúbbur Skagafjarðar (BS), Bílklúbbur Hafnarfjarðar (BH) og Akstursíþróttafélagið Start (Start).

BS er búið að halda sinn aðalfund og skila inn gögnum til AKÍS.

Stimpill og Start hafa haldið sína aðalfundi enn ekki skilað inn gögnum til AKÍS

BH hefur ekki sent neina tilkynningu um aðalfund né sinnt þeim skyldum við að skila inn þeim gögnum þótt ítrekað hafi verið óskað eftir því. Ítrekað hefur verið óskað eftir upplýsingum um fundinn.

Ársþing breytti lögum þannig að það er krafa á aðildarfélög um að skila gögnum um aðalfundi til AKÍS til þess að fylgjast með að aðildarfélögin séu virk.

Bókun stjórnar.

Stjórn ítrekar ákvæði 22. Greinar laga AKÍS þar sem kveðið er á um skil á gögnum í kjölfar aðalfunda og beinir þeim tilmælum til þeirra félaga sem að ekki hafa gert þessu skil.

Þar sem að BH hefur ekki enn tilkynnt AKÍS um aðalfund 2026 og ekki brugðist við ítrekuðum beiðnum um upplýsingar, verði óskað upplýsinga hjá ÍBH hvort að bandalaginu hafi borist upplýsingar um aðalfund BH. Ekki verða gefin út keppnisskírteini til meðlima BH þar til félagið hefur staðið skil gangvart AKÍS

HKS sendir bókun á BH.

#### 6. Erindi barst frá keppnisstjóra Jepparalls.

Við leiðarskoðun kom í ljós að sérleið sem að nota átti er ónothæf sökum bleytu og hætta á að umræddur slóði verði fyrir skemmdum verið ekið um hann



Óskað er eftir því fresta keppninni til sunnudagsins 10. maí 2026, en þá er engin keppni á dagatalinu.

Haldið verði sömu leiðum og tímaáætlun og þeim sem þegar hafi skráð sig boðin endurgreiðsla eða að flytja skráninguna á nýja dagsetningu til samræmis við grein 8.3.2 í Reglugerð AKÍŠ um keppnishald.

Stjórn AKÍŠ samþykkir beiðni keppnisstjóra um frestun á 1. Umferð Jepparalls til sunnudagsins 10. maí.

#### **7. Erindi sem barst vegna stofnun akstursíþróttadeildar á Ísafirði og nágrenni.**

Erindi frá Páli Janusi Þórðarsyni svæðisfulltrúa ÍSÍ á Vestfjörðum og kynntar fyrirætlanir um stofnun akstursíþróttadeildar hjá Fjölgreinafélaginu Vestra. Stofnfundur er fyrirhugaður mánudaginn 27. apríl n.k.

Stjórn AKÍŠ fagnar því að komið sé á fót akstursíþróttadeild innan Vestra og stefnt að því að senda fulltrúa á stofnfundinn.

#### **Frá starfsmanni:**

- Starfsmaður er erlendis á FIA ráðstefnu. Starfsemi skrifstofu verður skert á meðan starfsmaður er erlendis.

---

Næsti stjórnarfundur verður 5. maí 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:05.